

Almennt

Fyrirhugað er að breyta landnotkun á hluta lögbýlis úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði á um 5 ha. Breytingin er gerð til að heimila gistingu, tjaldsvæði og frístundahús. Breytingin er í samræmi við Landsskipulagsstefnu en þar segir að „Skipulag landnotkunar stuðli að eflingu ferðaþjónustu í dreifbýli um leið og gætt verði að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu.“ Breytingin er einnig í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi þar sem áhersla er á að efla ferðaþjónustu og eftir atvikum samþætta landbúnaði. Breytingin er einnig í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi og fjölgar gistirýmum í Suðursveit þar sem framboð hefur ekki annað eftirspurn en þar eru skráð 307 gistirými og ekkert tjaldsvæði.

Staðhættir og aðkoma

Borgarhöfn Nýibær er lögbýli með fastri búsetu á býlinu. Á jörðinni er einbýli, fjós, fjárhús og hlöður. Landinu er skipt úr landi Borgarhafnar. Skráð ræktarland er 17,4ha. Aðkoma er um Borgarhafnarveg.

Minjar

Fornminjar eru á svæðinu og skal gera grein fyrir þeim og sýna á deiliskipulagsupprætti. Ef áður ókunnar fornminjar finnast skal strax haft samband við Minjastofnun Íslands skv. 24. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar.

Hættumat

Við gerð deiliskipulags skal, þar sem þess er talin þörf, hafa samráð við Veðurstofu Íslands um viðmiðunarreglur og hvort nauðsynlegt sé að vinna staðbundið hættumat á svæðinu.

Veitur

Við gerð deiliskipulags skal sérstaklega horft til laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Austurlands.

Breyting á uppdrætti

Breyting er gerð á skipulagsupprætti Suðursveit - Mýrar. Fært hefur verið inn á uppdrátt hringtákn fyrir landnotkunina verslun- og þjónusta.

Breyting í greinargerð


Á blaðsíðu 39 í gildandi aðalskipulagi er bætt eftirfarandi línu við í töflu 16.1.

VP nr.	Staður, starfsemi og umfang*
VP 45	Borgarhöfn Neðribær. Úr landi Borgarhafnar. Ferðaþjónusta, tjaldsvæði, gisting og greiðasala. Allt að 75 gistirými. Frístundahús, 4 hús. Hringtákn ~ 5ha, þar af tjaldsvæði allt að 3 ha.


Umhverfisskýrsla

VALKOSTIR	NÚLLKOSTUR – ÓBREYTT ÁSTAND	VALINN KOSTUR – VERSLUNAR OG ÞJÓNUSTUSVÆÐI
Jarðmyndanir og náttúruminjasvæði	Óveruleg áhrif – engar frekari framkvæmdir	Óveruleg áhrif – Svæðið er ekki á náttúruminjasrá og þar er ekki sérstök vernd náttúrufróbæra.
Gróður og dýralíf	Óveruleg áhrif – Svæðið verður áfram notað til ræktunar.	Óveruleg áhrif – Svæðið er allt ræktað, framræt land og breytingin er afturkræf að hluta.
Fornleifar	Neikvæð áhrif – Skógrækt ógnar fornleifum.	Óviss áhrif – Við gerð deiliskipulags skal gera grein fyrir fornleifum og setja skilmála um rannsóknir og leyfi ef fornleifar reynast í hættu.
Ásýnd og landslag	Óviss áhrif – svæðið mun taka miklum breytingum vegna skógræktar.	Óveruleg áhrif – Nýjar byggingar taka mið af umhverfi og mun skógrækt minnka ásýndaráhrif þeirra.
Samfélag	Óveruleg áhrif – störf á svæðinu verða áfram að mestu tengd landbúnaði.	Jákvæð áhrif – Með framkvæmdinni er aukið ferðaþjónustu sem styrkir byggð, eykur tekjur og skapar fjölbreytt störf beint og afleidd.
Heilsa og öryggi	Óveruleg áhrif – umsvif umferðar verður að mestu óbreytt.	Óveruleg áhrif – Aukin umferð verður um afleggjarann að Borgarhöfn en þar er góð vegsýn. Engin aukin umferð verður framhjá íbúðarhúsum.

Jákvæð áhrif Neikvæð áhrif Óveruleg áhrif Óviss áhrif



Fyrir breytingu, mkv: 1.50.000



Eftir breytingu, mkv: 1.50.000



Hluti af sveitarfélagsupprætti Aðalskipulags Hornafjarðar 2012-2030

SKÝRINGAR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Aðrir vegir
- Hjólfreiða, göngu- og reiðstígar
- Rafveita
- Fjarskipti
- Ljósleiðari
- Ⓡ Búsetumínjar- hverfisvernd staðir og minjar, valdir af fornleifalista
- Ⓟ Minjavvernd [mv]
- Verslun og þjónusta [Vp]
- Efnistöku og efnislosunarsvæði [E]
- Landbúnaðarsvæði [L]
- Skógræktar og landgræðslusvæði [SL]
- Óbyggð svæði [OB]
- Vötn, ár og sjór [V]
- Önnur náttúruvernd [ON] númer visar til skráningar

SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd: þann _____ 2021

Bæjarstjórn: þann _____ 2021

Tillagan var auglýst frá _____ til _____ 2021

(undirskrift)
Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun í samræmi við 32.gr.skiplagslaga nr.123/2010 þann _____

Aðalskipulag Borgarhöfn 2-3 Neðribær í Suðursveit

Skiplagssteiking dgr 2529-020	Malkvarði 1:50.000	Bláskráð A3	Teknað AB
Úmið fyrir Sveitarfélagið Hornafjörður	Dagf. 06.01.201	Bygt	ÁJ